Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 25/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Hirti Þórarni Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1984, er barst Hæstarétti 6. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, Hjartar Þórarins Sigurðssonar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1984.

Ár 1984, laugardaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Hirti Þórarni Sigurðssyni, Hólanesi, Skagaströnd, fæddum 9. júní 1965, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk., kl. 1700.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Kærði hefur játað við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi að hafa brotist inn í matstofu Bæjarútgerðar Reykjavíkur aðfaranótt sl. föstudags og stolið þar ýmissi matvöru og smápeningum. Jafnframt hefur hann játað innbrot í verslunina Ciró, Bergstaðastræti 54 hér í borg, aðfaranótt 26. f. m., þar sem stolið var aðallega tóbaki og sælgæti.

Þann 30. júní sl. sendi RLR 9 mál til ríkissaksóknara vegna ætlaðra brota kærða gegn almennum hegningarlögum á sl. ári, (aðallega auðgunarbrot), og 24. nóvember sl. var eitt slíkt mál varðandi kærða sent til sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um mál þessi hjá ríkissaksóknara.

Til meðferðar hafa verið í sakadómi Húnavatnssýslu 2 ákærur, dags. 15. 09. 1982 og 31. 01. 1983, á hendur kærða vegna ætlaðra brota hans, aðallega gegn 244. gr. og einnig gegn 248. gr. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga á árunum 1980 - 1982. Samkvæmt upplýsingum RLR hefur verið kveðinn upp dómur í málum þessum, og hlaut kærði þar 7 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Dómur þessi hefur ekki verið birtur kærða.

Samkvæmt sakavottorði kærða var ákæru á hendur honum vegna þjófnaðarbrota frestað skilorðsbundið 2 ár frá 26. 05. 1981, og þann 14. desember 1981 sættist kærði á greiðslu 4.000.00 króna sektar í sakadómi Húnavatnssýslu vegna brots gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.

Kærði hefur verið atvinnulaus sl. einn og hálfan mánuð og ekki haft neinar tekjur þann tíma. Hann hefur heldur ekki haft fastan dvalarstað hér fyrir sunnan, en kveðst ávallt, ef hann beiðist þess, geta verið hjá hálfbróður sínum að Þrastargötu 8 hér í borg.

Með hliðsjón af sakaferli kærða verður að telja hann síbrotamann, og þykir rétt skv. framansögðu og vísan til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu, þar sem kærði er sakaður um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk., kl. 1700.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hjörtur Þórarinn Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl 1984, kl. 1700.